



Skógræktarfélag Reykjavíkur

Umsögn um tillögu að matsáætlun fyrir Lyklafellslínu 1 ásamt niðurrifi á Hamraneslínu 1 og 2.

Skógræktarfélag Reykjavíkur er umsjónaraðili Heiðmerkur en rúm 70 ár eru síðan friðlandið í Heiðmörk var vígt. Heiðmörk er eitt helsta útivistarsvæði Höfuðborgarsvæðisins. Skógurinn veitir skjól, gróður og dýralíf er fjölbreytt.

Skógræktarfélag Reykjavíkur fagnar því að fyrirhugað sé að rífa niður Hamraneslínu sem rýrir útivistargildi Heiðmerkur og hamlar að skógurinn geti vaxið óheftur undir línunum. Þegar kemur að niðurrifi á Hamraneslínu hvetur Skógræktarfélag Reykjavíkur til þess að jarðrask verði sem minnst þar sem töluverður gróður og dýralíf er á svæðinu. Heiðmörk er vatnsverndarsvæði og ber að huga sérstaklega að vatnsvernd.

Skógræktarfélag Reykjavíkur hvetur til þess að valmöguleiki Búrfellslína 3b (J) verði farin en telur félagið að til langs tíma að sú leið hafi til langs tíma minni sjónræn áhrif en Búrfellslína 3b (L).

Fyrir hönd Skógræktarfélag Reykjavíkur

Auður Kjartansdóttir

Framkvæmdarstjóri